



Knattspyrnufélagið Haukar

Hafnarfjarðarbær
b.t. Haraldar L. Haraldssonar
Strandgötu 4-6
220 Hafnarfjörður.

Hafnarfirði, 17. janúar 2018.

Ágætu bæjaryfirvöld.

Á undanförnum misserum hefur mikið verið rætt um byggingu íþróttamannavirkja, forgangsröðun þeirra og hversu hratt bæjarfélagið getur fylgt eftir þeirri miklu þörf fyrir betra aðgengi að margþættri þjónustu. Hafnarfjörður er í örum vexti og til margra þáttu þarf að líta í rekstri sveitarfélagsins og margt er þar gott gert.

Knattspyrnufélagið Haukar er einn að máttarstólpum í íþróttasflóru Hafnarfirðinga og félagið hefur vaxið og dafnað allt frá stofnun félagsins árið 1931. Fjölbætt starfsemi Knattspyrnufélagsins Hauka í Íþróttamiðstöðinni að Ásvöllum er einn þáttur í þeirri viðleitni að skapa gott og heilbrigtrumhverfi fyrir þá sem leggja stund á íþróttir. Þar skipar kennsluþátturinn stóran sess, en í Íþróttamiðstöðinni að Ásvöllum fer fram leikfimikennsla Áslandsskóla, Hraunvallaskóla, Hvaleyrsaskóla og nú hefur fjórði skólinn bæst við, Skarðshlíðarskóli. Auk kennslu ofnangreindra skóla sem erum með kennslu frá morgni og fram eftir degi er hér mikill fjöldi íþróttaiðkenda á öllum aldri sem nýta húsakynni Íþróttamiðstöðvarinnar að kennslu lokinni, alla daga vikunnar, langt fram á kvöld.

Við Haukar erum afar stoltir af þeirri miklu uppbyggingu kennslu- og íþróttaaðstöðu sem bæjarfélagið hefur staðið myndarlega að og nú hyllir í bætta aðstöðu fyrir kennslu- og íþróttaiðkun með nýjum íþróttasal sem brátt verður tekinn í notkun. Með byggingu nýja salarins er leyst úr brýnni þörf á auknu rými í Íþróttamiðstöðinni. Er rétt að þakka bæjaryfirvöldum fyrir framsýni hvað þennan þjónustuþátt varðar.

Einn er þó sá þáttur sem Haukar geta illa sætt sig við er að uppbygging knatthúss hér á Ásvöllum skuli ekki hafa fengið meiri forgang þegar ákvárdanir um uppbyggingu knatthúsa hafa verið teknar. Knattspyrnudeild Hauka er fjölmennasta deild félagsins og bír, svo vægt sé tekið til orða, við afar slæmar aðstæður og þá sérstaklega yfir vetrartímann, sjö til átta mánuði ársins. Hér hafa iðkendur þurft að þreyja þorram, á stundum í hriðarbyl, rigningu og roki, án nokkurrar inniaðstöðu. Það er stundum þyngra en tárum taki, að sjá yngstu iðkendur búa við slíkar aðstæður.

Nú þarf vart að taka það fram að nágrenni Íþróttamiðstöðvarinnar hefur á undanförnum árum og áratugum verið eitt helsta uppbyggingarsvæði bæjarfélagsins og enn fjölgar verulega með nýjum byggingarsvæðum á Völlum og í Skarðshlíð. Það kallar að sjálfsögðu á aukna þjónustu við íbúa í þessum hverfum og við sjáum það kristallast í auknum þunga eftir þjónustu hér á Ásvöllum. Við fögnum því að taka á móti nýjum iðkendum, nýjum íbúum, en við þurfum jafnframt að skapa aðstæður sem eru viðunandi.





Rekstrarfélag Hauka ehf.


Haukar voru því að vonum ánægðir á vordögum þegar tillaga kom fram í bæjarstjórn um að byggja knatthús á Ásvöllum. Því miður var sú tillaga ekki samþykkt, en í framkvæmda- og fjárfestingaráætlun Hafnarfjarðarbæjar sem samþykkt var í lok síðasta árs er gert ráð fyrir að hefja þegar byggingu knatthús í Kaplakrika og verður það þá þriðja knatthúsið sem byggt er á svæði FH. Auglýsing um alútboð á knatthúsi á svæði FH var síðan birt sl. laugardag í fjöldum.

Reyndar er gert ráð fyrir að bygging knatthús á Ásvöllum rísi síðar, en með vísan í ofangreint og þá miklu þörf sem þegar er til staðar á Ásvöllum leggja Haukar til eftirfarandi til.

1. Nú þegar verði unnið að gerð deiliskipulags vegna staðsetningar knatthúss á Ásvöllum
2. Til að koma til móts við Hafnarfjarðarbæ og í þágu þess að bygging myndarlegs knatthúss rísi á Ásvöllum lýsir Knattspyrnufélagið Haukar sig reiðubúið að ganga til samninga um löðarskika, vestan Íþróttamiðstöðvar, sem ætlaður væri þá til annarra nota, en byggingu íþróttamannvirkja. Þegar hefur Knattspyrnufélagið Haukar kynnt þann möguleika.

Með vísan til þess sem hér er ritað ofangreint, sem og nýlegrar samþykktar bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á fjárhagsáætlun fyrir árin 2018-2021, en þar er gert er ráð fyrir að á árinu 2018 verði gert samkomulag um undirbúning og hönnun byggingar knatthúss að Ásvöllum, óskar Knattspyrnufélagið Haukar eftir fundi með fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar um framkvæmdina.

Virðingarfullst,
f.h. Knattspyrnufélagsins Hauka,


Magnus Gunnarsson
framkvæmdastjóri.